



Norræna
ráðherranefndin

GOTT LÍF Á SJÁLFBÆERUM NORÐURLÖNDUM

Norræn áætlun um
sjálfbæra þróun
2013–2025



GOTT LÍF Á SJÁLFBÆRUM NORÐURLÖNDUM

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun 2013–2025

PolitikNord 2019:708

ISBN 978-92-893-5953-5 (PRINT)

ISBN 978-92-893-5954-2 (PDF)

ISBN 978-92-893-5955-9 (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/PN2019-708>

© Norræna ráðherranefndin 2019

Umbrot: Louise Jeppesen

Kápu mynd: unsplash.com

Prentun: Rosendahls

Printed in Denmark



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skípa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub

GOTT LÍF Á SJÁLFBÆRUM NORÐURLÖNDUM

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun 2013–2025

Efnisyfirlit

- 4 FORMÁLI
- 7 SJÁLFBÆR ÞRÓUN FRÁ
NORRÆNU SJÓNARHORN
- 13 NORRÆNT VELFERÐARKERFI
- 21 LÍFVÆNLEG VISTKERFI
- 29 BREYTT LOFTSLAG
- 35 SJÁLFBÆR NÝTING NÁTTÚRUAUÐLINDA
- 43 MENNTUN, RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN
- 49 TENGING, FRAMKVÆMD OG
EFTIRFYLGNI



Norræna
ráðherranefndin



FORMÁLI

Ég hef haft þá ánægju að stjórna samstarfinu í Norrænu ráðherranefndinni undanfarið ár. Meðal verkefnanna var að endurskoða áætlun ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun.

Fyrsta áætlun ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun var samþykkt fyrir tólf árum. Líkt og fyrri áætlanir hefur nýja áætlunin verið samþykkt í öllum norrænu löndunum: Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð ásamt Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Áætlunin um sjálfbæra þróun nýtur einnig stuðnings Norðurlandaráðs.

Í áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun koma fram helstu áherslusvið fyrir næstu ár. Sjálfbær þróun snýst um að mæta þörfum núlifandi kynslóðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að uppfylla sínar þarfir. Í meginatriðum hafa Norðurlöndin sameiginlega sýn á mikilvæg samfélagsmál og í löndunum er samstaða um að samfélagsþróun skuli vera sjálfbær.

Á Norðurlöndunum er þróuð velferðarþjónusta, þar er tiltölulega lítill tekjumunur og þar eru skilvirkar opinberar stofnanir. Norræna ráðherranefndin á að stuðla að því að Norðurlöndin geti áfram þróað samfélögin í átt til frekari velferðar og lífsgæða. Blómlegt atvinnulíf og góð opinber stjórnarsýsla eru mikilvægar forsendur til að það takist. Náttúru- og umhverfisvernd eru einnig mikilvægir þættir í sjálfbærri þróun. Grænn hagvöxtur stuðlar að því að tryggja það. Þá er það stefna Norðurlandanna að efla sjálfbæra þróun í hnattrænu samhengi. Á Norðurlöndunum er löng hefð fyrir því að takast í sameiningu á við sameiginlegar áskoranir. Samstarfið hefur borið góðan árangur. Þess vegna fagna ég því að Norræna ráðherranefndin hefur með þessari áætlun lagt traustan grundvöll að áframhaldandi samstarfi að sjálfbærum samfélögum.

Rigmor Aasrud,
samstarfsráðherra Norðurlandanna
Noregi
2012

Norræna áætlunin um sjálfbæra þróun var endurskoðuð árið 2019 til að endurspeglar margháttað tengsl við og samverkandi áhrif af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030.



MYND: UNSPLASH.COM

SJÁLFBÆR ÞRÓUN FRÁ NORRÆNU SJÓNARHORNI

Í áætlun þessari um sjálfbæra þróun koma fram þverfaglegar megináherslur í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og er hún í samræmi við metnað og stefnu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030. Í sjálfbærri þróun felast þrjár víddir sem eru háðar hver annarri: hin efnahagslega, félagslega og vistfræðilega. Engin þessara vídda má grafa undan þróunarskilyrðum hinna víddanna. Menning er einnig mikilvægur þáttur í norrænu gildismati. Það á t.d. við um lífsstíl, neysluvenjur, viðhorf til náttúrunnar og að meðtaka breytingar sem verða í samfélaginu. Því er mikilvægt að samþætta menningarmálin starfi að sjálfbærri þróun.

Norðurlönd skipuðu sér snemma undir merki sjálfbærrar þróunar. Grundvöllur norræns velferðarkerfis er að allir

Í Norrænni áætlun um sjálfbæra þróun koma fram þverfaglegar megináherslur í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.

menn séu jafn mikils virði, virðing fyrir mannréttindum, réttlæti, jöfnuður, góð stjórnun, lítil spilling, lýðræði og efling heilsu og vellíðanar. Jafnrétti og gegnsæi og þátttaka eru aðrir mikilvægir hornsteinar.

Velgengni Norðurlanda má einnig þakka því að við höfum lengst af aðhyllst viðskiptafrelsi og hreinskiptni í efnahagsmálum. Markvissar aðgerðir í umhverfismálum áratugum saman hafa bætt ástand í umhverfismálum á mörgum sviðum. Norðurlönd búa yfir ríkulegum náttúruauðlindum og atvinnugreinum sem á þeim byggjast á borð við skógrækt, landbúnað, fiskveiðar og námugróft. Þetta er mikilvæg undirstaða lifandi landsbyggðar. Til að efla efnahagslíf og sjálfbæra þróun er mikilvægt að auðlindirnar séu nýttar án þess að vera ofnýttar. Sjálfbær stjórnun eflir hagkerfi norrænu landanna. Strangar umhverfiskröfur hafa örvað þekkingaröflun og tækniþróun sem síðan hefur átt þátt í að stuðla að útflutningi á umhverfistækni.

Heilsa og vellíðan fólks er nátengd góðu umhverfi. Tækifæri til fjölbreyttrar útivistar og aðgengi að grænum

svæðum eru þættir sem hafa áhrif á vellíðan fólks. Það eykur einnig skilning á þeim aðgerðum og atferlisbreytingum sem þróun í átt að sjálfbærni krefst. Jafnframt standa Norðurlandabúar frammi fyrir fjölda úrlausnarefna sem krefjast þverfaglegra aðgerða og þar verður að taka mið af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Samanlagt vistspor vegna starfsemi á Norðurlöndum hefur stækkað vegna aukinnar neyslu. Lýðþróun er enn eitt lykilviðfangsefni norræna velferðarkerfisins.

SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Skilgreining Brundtlandsnefndarinnar á sjálfbærri þróun: Sjálfbær þróun fullnægir þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

NORÐURLÖND

Með Norðurlöndum er átt við Danmörku, Finnland, Ísland, Noreg, Svíþjóð, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland.

Þá þarf að huga að áhrifum breyttrar stöðu efnahagsmála í Evrópu og annars staðar í heiminum.

Norræna ráðherranefndin á að stuðla að því að Norðurlönd haldi áfram að bæta velferð og lífsgæði fyrir núlifandi og komandi kynslóðir með því að vernda og nýta getu jarðar til að standa undir lífi í allri þess fjölbreytni og þróa þannig sjálfbær velferðarkerfi enn frekar. Til að uppfylla þetta markmið þurfa Norðurlönd smám saman að breyta yfir í grænt hagkerfi. Norræna ráðherranefndin, skrifstofa hennar og aðstaða á einnig að vera starfrækt með sjálfbærum hætti. Til greina kemur að umhverfisvotta starfseminu í heild. Það á einnig við um Norðurlandaráð og Norræna menningarsjóðinn.

Mörg lönd og svæði hafa sett sér markmið um grænan hagvöxt í því skyni að mæta miklum áskorunum á sviði umhverfis-, loftslags- og orkumála um leið og jákvæðum hagvexti er viðhaldið. Eftirspurn eftir grænum lausnum fer vaxandi, það skapar tækifæri fyrir Norðurlönd til að efla markaðsstöðu sína. Aðgerðir norrænu forsætisráðherranna til að efla grænan

hagvöxt gegna mikilvægu hlutverki í þessu tilliti. Efla þarf samkeppnishæfni og hagvöxt með skilvirkari nýtingu auðlindanna, sjálfbærri orkunotkun og orkuframboði ásamt skýrari löggjöf og verðlagningu náttúruauðlinda.

Markmið áætlunarinnar og gildissvið

Yfirlýsing forsætisráðherranna árið 1998 markaði upphaf norræns samstarfs um sjálfbæra þróun. Fyrsta norræna áætlunin um sjálfbæra þróun öðlaðist gildi árið 2001 og hefur hún verið endurskoðuð reglulega. Árið 2008 samþykktu forsætisráðherrarnir nýja yfirlýsingu. Þessi áætlun er því fjórða norræna áætlunin um sjálfbæra þróun. Í framhaldi af samþykkt Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun árið 2015 var þessi norræna áætlun um sjálfbæra þróun endurskoðuð með tilliti til margháttaðra tengsla við og samverkandi áhrifa af heimsmarkmiðunum. Hún er ótímabundin og verður endurskoðuð eftir þörfum.

Í áætluninni er sjónum beint að málaflokkum þar sem Norðurlönd hafa sameiginlega hagsmuna að

GRÆNT HAGKERFI

Fylgt er skilgreiningu á grænu hagkerfi úr umhverfisáætlun Sameinuðu

þjóðanna: Grænt hagkerfi stuðlar að auknum lífsgæðum og réttlæti og dregur jafnframt úr umhverfisvá og skorti á náttúrugæðum. Í grænu hagkerfi eru áhrif koltvísýrings takmörkuð, það nýtir auðlindir vel og varðar alla menn. Tekjuaukning og fjölgun starfa í grænu hagkerfi er knúin áfram af fjárfestingum hins opinbera og einkaaðila en þær draga úr losun koltvísýrings og mengun, bæta orku- og auðlindanýtni og sporna gegn því að líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa glatist. Auðvelda þarf og styðja við fjárfestingar af þessu tagi með markvissum opinberum framlögum, pólitískum breytingum og nýjum reglum. Þessi leið til þróunar á að varðveita, efla og, ef þörf krefur, endurheimta náttúruauðæfi sem mikilvæga efnahagslega undirstöðu og uppsprettu opinberra framlaga, einkum fyrir fátækt fólk sem byggir lífsafkomu sína og öryggi á náttúrunni.

gæta, glíma við sömu áskoranir og þar sem forsendur sjálfbærrar þróunar eru góðar. Norrænt samstarf á einnig að skapa virðisauka og eiga þátt í að auka þekkingu og bæta nýtingu auðlinda. Í áætluninni koma fram verklagsreglur til lengri tíma um starfsemi ráðherranefndarinnar fram til ársins 2025 í því skyni að efla þverfaglegt samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á eftirfarandi áherslusviðum: norrænt velferðarkerfi, lífvænleg vistkerfi, breytt loftslag, sjálfbær nýting auðlinda jarðar ásamt menntun, rannsóknnum og nýsköpun. Þróuninni verður fylgt eftir með vísum á hverju sviði fyrir sig. Hvert svið tengist ýmsum af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna eins og nánar greinir í lok kaflanna.

Fella á sameiginlegan grundvöll áætlunarinnar og markmið inn í áætlanir fagráðherranna á hverju sviði fyrir sig og nýta þær í raunhæf verkefni með mælanlegum markmiðum. Fagráðherranefndirnar skipuleggja í sameiningu hvornig hrinda skuli áætluninni í framkvæmd, fylgjast með framvindu hennar og taka þátt í skýrslugjöf og mati á framkvæmdinni.

Norræna áætlunin á einnig að vera grundvöllur sameiginlegra aðgerða á alþjóðavettvangi fyrir sjálfbæra þróun.

Meginmarkmið og grundvallarreglur samstarfsins um sjálfbæra þróun

Sjálfbærnisjónarmið eiga að setja mark sitt á allt starf sem unnið er innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar. Í norrænu samstarfi á Norræna ráðherranefndin að veita forgang málefnum, ferlum og verkefnum sem stuðla að sjálfbærri þróun. Á þann hátt getur Norræna ráðherranefndin hvatt Norðurlönd og önnur lönd og svæði til að setja sér áþreifanleg markmið og aðgerðir.

Meginmarkmið áætlunarinnar er að Norðurlönd þróist í þá átt að verða sjálfbær velferðarsamfélög og komi á jákvæðum breytingum innan tíðar.

Meginmarkmið áætlunarinnar er að Norðurlönd þróist í þá átt að verða sjálfbær velferðarsamfélög og komi á jákvæðum breytingum innan tíðar.

Fram til ársins 2025 á að ná verulegum árangri á forgangssviðum. Tryggja ber núlifandi og komandi kynslóðum öruggt, heilbrigt og mannsæmandi líf. Styrkja þarf vitund fólks um þær aðgerðir og ferli sem stuðla að sjálfbærri þróun samfélagsins.

Norræna ráðherranefndin á að efla norrænt samstarf um hátt atvinnustig, grænan hagvöxt og aukna samkeppnishæfni. Varúðarreglan, mengunarbótareglan, ábyrgð framleiðenda og skiptireglan eiga að vera leiðarljós í starfinu. Jafnframt á að fella kostnað við framleiðslu og förgun í auknum mæli inn í vöruverð. Frumbyggjar gegna sérstöku hlutverki í því að koma á sjálfbærri þróun. Áfram á að samþætta þessi markmið starfi fagráðherranefndanna og alþjóðastarfi eftir því sem við á.

VARÚÐARREGLAN

Ef hættu er á alvarlegu eða óafturkræfu tjóni er skortur á vísindalegum sönnunum ekki nægileg afsökun til að fresta kostnaðarsömum aðgerðum til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

MENGUNARBÓTAREGLAN

Mengunarbótareglan *Polluter Pays Principle* felur í sér að sá sem veldur mengun á að bæta tjón sem af henni hlýst.

SKIPTIREGLAN

Ef valið er á milli vöruhegunda sem eru misgóðar frá umhverfissjónarmiði á að velja betri kostinn. Með öðrum orðum: ef til er umhverfissvænni kostur sem getur komið í stað tiltekinnar vöru skal ávallt velja hann.



MYND: UNSPLASH.COM

ÁHERSLUSVIÐ 1

NORRÆNT VELFERÐARKERFI

Sjálfbær þróun og þróun norræna velferðarkerfisins haldast í hendur. Á Norðurlöndum hefur að miklu leyti tekist að sameina strangar umhverfiskröfur, hátt tekjustig, hagvöxt, þjóðhagslegan stöðugleika og félagsleg lífsgæði. Félagsleg samstaða, lýðheilsa, góðar almannatryggingar, vinnuvernd, samningar sem kveða á um laun og ráðningarkjör, félagsleg þjónusta, heilbrigðisþjónusta, mikil atvinnuþátttaka og umhverfisvernd eru driffjaðrir þróunar, lífsgæða og öryggis. Norðurlönd hafa byggt velferðarkerfi sín á sameiginlegum pólitískum markmiðum sem hafa

skapað öflugna samheldni í samfélaginu. Norræna kerfið einkennist af sterkum tengslum milli stefnu í velferðar- og vinnumarkaðsmálum. Þó velferðarkerfi Norðurlanda séu ekki byggð upp á nákvæmlega sama hátt hafa samkenni þeirra orðið til þess að norræna velferðarkerfið er orðið að hugtaki. Norræn samfélagsgerð er þekkt fyrir

Sjálfbær þróun og þróun norræna velferðarkerfisins haldast í hendur.



almenn velferðarkerfi. Kjarnagildin eru jöfn tækifæri, félagsleg samstaða og öryggi fyrir alla, óháð kyni, uppruna, trú, sannfæringu, starfsgetu, aldri og kynhneigð. Um er að ræða félagsleg réttindi og meginreglan er sú að allir skulu hafa jafnan aðgang að félags- og heilbrigðisþjónustu, menntun og menningu. Þetta á einnig við um umönnun þeirra sem standa höllum fæti félagslega svo og viðkvæma samfélagshópa. Velferðarkerfið byggist á fjölbreytni þar sem allir hópar taka þátt í samfélaginu. Fjölbreytnin á við um flesta málaflokka sem fjallað er um í áætluninni og hana á að samþætta starfi að sjálfbærri þróun. Tækifæri allra til þátttöku og ákvarðanatöku í samfélaginu er kjarnaatriði í norrænu velferðarkerfi. Í jafnréttissamfélagi er hægt að nýta alla krafta þess. Það stuðlar síðan einnig að aukinni velferð.

Norðurlönd hafa byggt velferðarkerfi sín á sameiginlegum pólitískum markmiðum sem hafa skapað öfluga samheldni í samfélaginu.

Norræna velferðarkerfið byggist á samfélagsgerð með góðri stjórnun þar sem mikilvægt er að traust ríki milli kynslóða. Lýðþróun framtíðar er lykilviðfangsefni, ekki síst vegna breyttrar aldursrússamsetningar. Eitt mikilvægasta verkefnið er að auka þátttöku vinnufærra borgara á vinnumarkaði. Það felur m.a. í sér að innflytjendur þurfa að aðlagast betur samfélags- og atvinnulífi. Stytta þarf aðlögunartíma frá skóla til vinnumarkaðar og fjölga tækifærum til að lengja starfsævina.

Góð heilsa íbúanna er forsenda sjálfbærs velferðarkerfis. Vegna samfélagslegra og lýðfræðilegra viðfangsefna er nauðsynlegt að efla aðgerðir á sviði lýðheilsu, m.a. til að koma í veg fyrir langvinna sjúkdóma og heilsutjón. Aðgerða er einnig þörf til að efla virkni eldri borgara svo fleiri geti séð um sig sjálfir eins lengi og hægt er. Góð lýðheilsa hefur jákvæð áhrif á samkeppnishæfni landanna, hagvöxt og nýsköpun.

Þrátt fyrir tiltölulega trausta þjóðhagslega þróun gætir einnig fátæktar á Norðurlöndum. Innflytjendur, þeir sem eru

Kjarnagildin eru jöfn tækifæri, félagsleg samstaða og öryggi fyrir alla, óháð kyni, uppruna, trú, sannfæringu, starfsgetu, aldri og kynhneigð.

atvinnulausir í langan tíma, fatlaðir einstaklingar og einstæðir foreldrar eru í mestri hættu á að lenda í fátækt. Það er sérstaklega alvarlegt vandamál þegar ungt fólk er atvinnulaust í lengri tíma því þá er hættu á að það verði utanveltu í atvinnu- og samfélagslífi til langframa. Því er brýnt að fjölga atvinnutækifærum fyrir ungt fólk.

Annað viðfangsefni er mansal og sambærileg misnotkun þar sem brotið er á mannréttindum og mannhelgi einstaklingsins. Til að sporna gegn þessari þróun er nauðsynlegt að efla sameiginlega þekkingu og skilning á þessu málefni. Það krefst samvinnu bæði innanlands, svæðisbundið og á alþjóðlegum vettvangi.



MYND UNSPASH.CO

MARKMIÐ FRAM TIL ÁRSINS 2025

Sjálfbær hagvöxtur til langs tíma

Á Norðurlöndum á að ríkja stöðug, varanleg og heilbrigð efnahagsþróun. Tryggja skal sjálfbærar fjárfestingar í norrænu velferðarkerfi þar sem tekið er tillit til lýðþróunar. Norðurlönd leggja áherslu á sjálfbæra samfélagslega áætlanagerð sem byggist á svæðisbundnum skilyrðum til þróunar.

Vinna og fjölbreytni

Hækka á atvinnustig og auka framboð starfa á Norðurlöndum. Dregið verður úr kerfislægu atvinnuleysi með sérstakri áherslu á atvinnuleysi ungs fólks. Aðlögun og fjölbreytni eykst í norrænum samfélögum og atvinnulífi. Strangari kröfur verða gerðar um öryggi, heilbrigði og velferð í atvinnulífinu.

Heilsa og félagslegt öryggi

Í heilbrigðis- og velferðarstefnu landanna verður lögð áhersla á að standa vörð um félagslegt öryggisnet svo hópar sem standa höllum fæti detti ekki út úr kerfinu, um leið og samkeppnishæfni Norðurlanda er tryggð. Gæði og öryggi í félags- og heilbrigðisgeira verða eflid. Lýðheilsa verður bætt fyrir alla íbúa. Fyrirbyggjandi aðgerðum verður veittur forgangur.

Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi

Stuðlað verður að jafnrétti og félagslegri samstöðu með tilliti til kyns, uppruna, trúar, lífsskoðunar, starfsgetu, aldurs og kynhneigðar. Fyrirbyggjandi aðgerðum verður hrint í framkvæmd í því skyni að efla mannréttindi, m.a. til að útrýma fátækt og mansali.

Meningarmál

Varpað verður ljósi á þýðingu og hlutverk menningar og hún eflid í starfi að sjálfbærri þróun á Norðurlöndum.

VÍSAR

- Lýðþróun.
- Verg þjóðarframleiðsla.
- Skuldastaða ríkjanna.
- Þéttbýlismyndun.
- Tölur um atvinnu og atvinnuleysi.
- Lífslíkur nýfæddra barna.
- Gini-stuðull.
- Hætta á fátækt barnafjölskyldna.
- Kynbundinn launamunur.



TENGINGAR VIÐ HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG UNDIRMARKMIÐ ÞEIRRA



1.2 Eigi síðar en árið 2030 búi að minnsta kosti helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.



1.3 Innleidd verði viðeigandi félagsleg kerfi í hverju landi öllum til handa, þar með talin lágmarksframfærsluviðmið, sem styðji frá og með árinu 2030 allverulega við fátæka og fólk í viðkvæmri stöðu.



1.4 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir, karlar sem konur, og þá einkum fátækt fólk og fólk í viðkvæmri stöðu, eigi jafnan rétt til efnahagslegra bjargráða og hafi sama aðgengi að grunnþjónustu, eignarhaldi á og fyrrráðum yfir landi og öðrum eignum, erfðum, náttúruauðlindum, viðeigandi tækninýjungum og fjármálaþjónustu, þ.m.t. fjármögnun smærri fjárfestinga.



3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.



3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.



3.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggður almennur aðgangur að heilbrigðisþjónustu á sviði kynheilbrigðis, meðal annars fyrir þá sem ætla að stofna fjölskyldu, og fræðsla og upplýsingagjöf veitt því tengdu. Tryggt verði að kynheilbrigði verði felld inn í landsáætlanir.



4.3 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðræðanlegu verði.



4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.



4.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamismunin í menntakerfinu verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður og starfsþjálfun fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fyrir fatlað fólk, frumbyggja og börn sem búa við erfiðar aðstæður.



5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staða.



5.2 Hvers kyns ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þar með talið mansal, kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði ekki liðið og regluverkt sem styður við ofbeldi afnumið.



8.1 Viðhaldið verði hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7 prósent vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.



8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.



10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.



10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.



10.4 Mörkuð verði stefna í ríkisfjármálum, launamálum og á félagslegu sviði með það fyrir augum að auka jafnrétti stig af stigi.



16.2 Tekið verði fyrir misnotkun, misneytingu, mansal og hvers kyns ofbeldi gegn börnum og pyntingar verði upprættar.



16.3 Réttarríkið verði eftt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.



16.7 Teknar verði ákvarðanir á öllum sviðum þar sem brugðist er við aðstæðum og víðtæk þátttaka tryggð.



MYND: UNSPLASH.COM

ÁHERSLUSVIÐ 2

LÍFVÆNLEG VISTKERFI

Vistkerfi jarðar sjá mannkyninu fyrir margvíslegum lífsmáttáttum og þjónustu og gera þannig sjálfbæran grænan hagvöxt og lífsgæði manna möguleg. Dæmi um slíka vistkerfaþjónustu eru matvæli og annað lífrænt hráefni, vatn, náttúruleg vatnshreinsun, temprun loftslags, kolefnisbinding, náttúrulegar varnir gegn náttúruhamförum ásamt frævnun plantna. Rannsóknir benda til að í meirihluta tilvika fari þjónustu vistkerfa hnignandi. Það dregur úr möguleikum alþjóðasamfélagsins til að uppfylla Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

um sjálfbæra þróun og hefur veruleg áhrif á iðnað og lífsgæði manna.

Árin 2011–2012 beitti Norræna ráðherranefndin sér fyrir rannsókn með sérstakri áherslu á Norðurlönd. Hún var byggð á alþjóðlegu skýrslunni „The Economics of Ecosystems & Biodiversity“ (TEEB). Í rannsókninni kemur skýrt fram hvað það kostar að glata líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfaþjónustu í samanburði við kostnaðinn við að varðveita hana. Rannsóknin áréttar hve mikilvægt er að verðmeta vistkerfaþjónustu og





MYND: UNSPLASH.COM

náttúruauðlindir á réttan hátt og hafa slíkan kostnað með í þjóðhagsreikningi landanna og taka mið af honum við ákvarðanatöku. Þó segja megi að Norðurlönd séu brautryðjendur í sjálfbærri nýtingu bæði endurnýjanlegra og takmarkaðra náttúruauðlinda má enn bæta um betur. Lykilverkefni er að þróa sjálfbær rekstrarform við ólíkar náttúru- og loftslagsaðstæður á Norðurlöndum og svara jafnframt eftirspurn vaxandi fólða jarðarbúa. Eitt stærsta viðfangsefnið varðandi vistkerfi á Norðurlöndum er hnignun akra og skóga vegna mengunar og skammsýni í stjórnun svo og hnignun í lífkerfi hafsins vegna mengunar frá starfsemi á landi.

Lykilverkefni er að þróa sjálfbær rekstrarform við ólíkar náttúru- og loftslagsaðstæður á Norðurlöndum og svara jafnframt eftirspurn vaxandi fólða jarðarbúa.

Til að sporna gegn mengun hafsins og strandsvæða er mikilvægt að taka á vandamálunum við uppsprettu þeirra.

Til að sporna gegn mengun hafsins og strandsvæða er mikilvægt að taka á vandamálunum við uppsprettu þeirra. Eystrasaltið, sem er nánast lokað, grunnt og kalt saltvatnslón, er til dæmis mjög viðkvæmt. Það verður fyrir miklum áhrifum vegna gífurlegs álags frá starfsemi í strandríkjunum. Alvarlegasta vandamálið er þó ofauðgun vegna áburðarnotkunar. Mikið magn skaðlegra efna, m.a. þungmálma, hefur einnig mælst í Eystrasaltinu. Með auknum flutningum olíu og efnavöru, einkum í Finnska flóa, eykst einnig hætta á olíu- og efnaslysum. Aukinni starfsemi, siglingum og olíu- og gasflutningum á norðurskautssvæðinu fylgir aukin hætta á umhverfisslysum á nyrstu svæðum Norður-Atlantshafsins. Því þarf að veita auknum öryggis- og björgunarviðbúnaði forgang.

VISTKERFAÞJÓNUSTA

Hugtakið vistkerfaþjónusta tekur mið af þörfum mannsins og vellíðan og á því við um vörur og þjónustu sem vistkerfin framleiða. Vistkerfi er samþætt kerfi gróðurs, dýra og örvera sem tengjast innbyrðis og einnig umhverfi sem er ekki lifandi. Vistkerfaþjónusta er stundum ruglað saman við líffræðilega fjölbreytni. Með líffræðilegri fjölbreytni er átt við auðlegð lifandi tegunda á jörðinni, þ.e.a.s. tilbrigða innan tegunda og milli tegunda og vistkerfa. Fjölbreytni tegunda eða líffræðileg fjölbreytni er ekki vistkerfaþjónusta. Líffræðileg fjölbreytni er frekar forsenda allrar vistkerfaþjónustu. Vistkerfaþjónusta á þó þátt í líffræðilegri fjölbreytni.

MARKMIÐ FRAM TIL ÁRSINS 2025

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda

Líffræðileg fjölbreytni á Norðurlöndum verður styrkt svo vistkerfin verði áfram öflug og veiti áfram nauðsynlega vistkerfaþjónustu til að skapa velferð. Þekking á virði vistkerfaþjónustu verður styrkt. Þannig má þróa stjórnþæki sem leiða til sjálfbærrar nýtingar og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

Lífkerfi hafsins¹

Norræn hafsvæði skulu vera í góðu ástandi og nýtt á sjálfbæran hátt. Stjórnun hafsvæðanna verður byggð á þekkingu og samræmdri stjórnun og vistkerfisnálgun. Dregið verður úr ofauðgun Eystrasaltsins vegna áburðarefna og ástand umhverfis og vatnasvæða á Eystrasaltssvæðinu bætt.

Vistkerfi á landi

Vistkerfi á landi skulu vera í góðu ástandi. Tryggja skal jafnvægi milli verndar og sjálfbærrar nýtingar vistkerfanna. Sjálfbær skógrækt verður tryggð með vernd og nýtingu. Tekið verður tillit til fjölbreytilegrar virkni og vistkerfaþjónustu skóga.

Loftslag

Dregið verður úr skaða sem loftmengun veldur umhverfi og fólki. Mengun verður ekki meiri en leyfileg viðmið og alþjóðlegar kröfur um loftgæði leyfa eða viðmið um þolmörk náttúrunnar. Efla skal fræðslu um samhengi loftmengunar og loftslagsbreytinga.

VÍSAR

- Sjálfbærni fiskistofna.
- Losun köfnunarefnis og fosfórs í Eystrasaltið.
- Breytingar á stofnvísitölu algengra fugla.
- Þróun skógarhöggs og aukning skóglendis á ári hverju.
- Loftmengun í borgum vegna ósons og svífryks.

¹ Hvað varðar lífkerfi hafsins og tengingu við undirmarkmið 6.3 í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er lögð sérstök áhersla á þann þátt sem tengist auknum vatnsgæðum með því að draga úr mengun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna.



TENGINGAR VIÐ HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG UNDIRMARKMIÐ ÞEIRRA



2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma lítið.



3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.



6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sopplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.



11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.



11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.



12.1 Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.



12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.



12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.



14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.



14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.



14.4 Eigi síðar en árið 2020 verði komið á skilvirku eftirliti með afla og tekið fyrir ofveiði og ólöglegar, óskráðar og stjórnlausar fiskveiðar og skaðlegar veiðiaðferðir. Hrundið verði í framkvæmd áætlunum um stjórn fiskveiða, sem byggjast á vísindalegum grunni, í því skyni að endurheimta fiskstofna á sem skemmstum tíma, að minnsta kosti að því marki að hámarka sjálfbærni stofna með tilliti til líffræðilegra eiginleika.



14.6 Eigi síðar en árið 2020 verði tilteknar niðurgreiðslur í sjávarútvegi, sem stuðla að ofveiði, bannaðar sem og niðurgreiðslur sem stuðla að ólöglegum, óskráðum og stjórnlausum fiskveiðum. Jafnframt verði reynt að koma í veg fyrir að niðurgreiðslur verði teknar upp í nýju formi og horfst í augu við að mismunandi aðferðir eiga við og eru skilvirkari fyrir þróunarlöndin og ættu í raun að vera órjúfanlegur þáttur í samningaviðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um niðurgreiðslur í sjávarútvegi þróunarríkjunum til handa og þá þeim sem skemmst eru á veg komin.



15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurkkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.



15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.



15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.



15.9 Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætla og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.



MYND: UNSPLASH.COM

ÁHERSLUSVIÐ 3

BREYTT LOFTSLAG

Afleiðingar loftslagsbreytinga fyrir fólk og náttúru eru nú þegar töluverðar og mikilvægt úrlausnarefni. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) gerir ráð fyrir að magn koltvísýrings (CO₂) í andrúmsloftinu muni tvöfaldast miðað við magn fyrir tíma iðnvæðingar. Talið er að því fylgi síðan hækkun meðalhitastigs um 1,1–6,4 gráður á Celsíus næstu hundrað árin.

Búist er við að loftslagsbreytingar muni hafa alvarlegar afleiðingar, bæði efnahagslegar og fyrir líf fólks, þ. á m. vatnsskort á ákveðnum svæðum,

hækkun sjávarstöðu, tíðari hitabylgjur, fleiri storma og súrnun hafsins. Veruleg hættu er á röskun á vistkerfum náttúrunnar og að æ hraðar dragi úr líffræðilegri fjölbreytni sem mun skerða velferð margra. Á norðurslóðum gætir áhrifa loftslagsbreytinga mest á norðurskautssvæðinu sem er sérstaklega viðkvæmt.

Loftslagsbreytingar hafa mikil áhrif á lífkerfi og auðlindir hafsins. Vandinn magnast vegna loftslagstengdrar súrnunar hafsins sem margir vísindamenn telja mestu ógnina við vistkerfi hafsins. Breytingar á fiskgengd



geta haft efnahagsleg, pólitísk og stjórnunarleg vandamál í för með sér. Þeim þarf að mæta með öflugum svæðisbundnu samstarfi. Borgir og innviðir munu líka verða fyrir neikvæðum áhrifum af breyttu loftslagi, t.d. tjóni vegna gifurlegrar úrkomu og öfgakennds veðurfars, sem talið er verða algengara í framtíðinni.

Því er virk þátttaka í alþjóðlegum samningum um loftslagsmál mikilvægt verkefni fyrir Norðurlönd². Markmið Parísarsamningsins er að halda hnattrænni hlýnun vel innan við tvær gráður á Celsíus yfir hitastigi fyrir iðnvæðingu og keppa að því að takmarka hlýnunina frekar eða við eina og hálfu gráðu á Celsíus yfir hitastigi fyrir iðnvæðingu. Tilgangurinn er að draga verulega úr skaðlegum áhrifum hnattrænnar hlýnunar. Þetta metnaðarfulla loftslagsmarkmið krefst viðtækra og skjótra viðbragða í öllum löndum.

Virki þátttaka í alþjóðlegum samningum um loftslagsmál er mikilvægt verkefni fyrir Norðurlönd.

Nauðsynlegt er að rjúfa tengsl jarðefnaorku og hagvaxtar. Jafnframt þurfa samfélög og borgir að laga sig að núverandi og væntanlegum áhrifum loftslagsbreytinga. Aðlögun að breyttu loftslagi felur í sér breyttar aðferðir í landnýtingu og ræktun, m.a. með því að þróa nytjajurtir og trjátegundir sem geta betur staðið af sér nýja sjúkdóma í landbúnaði og skógrækt.

Aðlögunaraðgerðir og lágmarkun loftslagsbreytinga eru þó ekki bara tæknileg viðfangsefni. Hafa þarf hliðsjón af félagslegu hliðinni og kynjasjónarmiðum þar sem það á við. Þannig er hægt að efla aðlögun og styðja betur við viðleitni til að draga úr loftslagsbreytingum og efla sjálfbæra þróun.

Bætt orkunýtni á sviðum eins og samgöngum, húsnæði bygginga- starfsemi, vöruþróun og aukinni hlutdeild endurnýjanlegrar orku eru dæmi um mikilvæg úrræði til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Gert er ráð fyrir að jarðefnaorka muni einnig skipta miklu máli í framtíðinni. Því er nauðsynlegt að styðja líka við aðgerðir sem miða að því að draga

² Naalakkersuisut, landstjórn Grænlands, ákvað árið 2016 að gera svæðisbundinn fyrirvara að því er Grænland varðar, þegar konungsríkið Danmörk gerðist aðili að Parísar-samningnum.

úr notkun jarðefnaorku og losun gróðurhúsalofttegunda, einnig utan Norðurlanda. Þá þarf að styðja við aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga í þróunarlöndum sem standa höllum fæti. Þörf á tæknilegri og félagslegri nýsköpun getur einnig skapað viðskiptatækifæri fyrir atvinnulíf á Norðurlöndum.

Nauðsynlegt er að rjúfa tengsl jarðefnaorku og hagvaxtar. Samfélög og borgir þurfa að laga sig að núverandi og væntanlegum áhrifum loftslagsbreytinga.

Samgöngumál eru mikilvæg í þessu sambandi en þau eru ekki lengur sérstakur málaflokkur í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og því er þáttur þeirra í sjálfbærri þróun ekki til umfjöllunar í þessari áætlun.



MYND: UNSPLASH.COM

MARKMIÐ FRAM TIL ÁRSINS 2025

Orkumál

Orkuframboð á Norðurlöndum á að þróast á sjálfbærari hátt. Gert verður áttak í notkun endurnýjanlegrar orku og orkunýtni á Norðurlöndum. Rjúfa skal tengsl hagvaxtar og notkunar orku sem ekki er endurnýjanleg. Möguleikar á sveigjanlegri raforkunotkun á norrænum raforkumarkaði skulu aukast.

Loftslagsmál

Norðurlönd³ unnu að gerð og innleiðingu Parísarsamningsins árið 2015 (sem kæmi til framkvæmda árið 2020). Í samkomulaginu felst að hnattrænni meðalhlýnun skuli haldið vel undir 2 gráðum á Celsíus yfir hitastigi fyrir iðnvæðingu og keppt að því að halda hlýnuninni undir 1,5 gráðum á Celsíus yfir hitastigi fyrir iðnvæðingu. Af því leiðir að miðla þarf landsákvörðuðum framlögum (NDC) á fimm ára fresti.

Þessi landsframlög endurspeglar metnaðarfullu viðleitni ríkjanna. Norrænu löndin munu áfram sýna fullan metnað í þessu efni og einsetja sér að takmarka losun í samræmi við skilmála Parísarsamningsins. Hlutverk norrænu fjármögnunarstofnananna í loftslagsmálum og grænum fjárfestingum verður eftt. Norðurlönd munu leitast við að samþætta umhverfis- og loftslagsmál í þróunarsamvinnu og að samþætta velferðar- og atvinnusjónarmið starfinu að loftslagsmálum.

VÍSAR

- Hlutdeild endurnýjanlegrar orku í heildarorkuframboði.
- Losun gróðurhúsalofttegunda eftir geirum.
- Losun vegna landnýtingar, breyttrar landnýtingar og skógræktar.

³ Naalakkersuisut, landstjórn Grænlands, ákvað árið 2016 að gera svæðisbundinn fyrirvara að því er Grænland varðar, þegar konungsríkið Danmörk gerðist aðili að Parísar-samningnum.

TENGINGAR VIÐ HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG UNDIRMARKMIÐ ÞEIRRA



7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.



7.3 Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.



7.a Eigi síðar en árið 2030 verði alþjóðleg samvinna aukin í því skyni að auðvelda aðgengi að rannsóknum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku, meðal annars endurnýjanlegrar orku, orkunýtni og háþróaðs og hreins jarðefnaeldsneytis, og ýtt undir fjárfestingu í orkugrunnvirkjum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku.



7.b Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og tækni nýtt í því skyni að veita öllum í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin, smáeyríkjum og landluktum þróunarlöndum, nútímalega og sjálfbæra orkuþjónustu í samræmi við áætlanir hvers og eins í þeim eignum.



11.b Eigi síðar en árið 2020 hafi borgum og íbúðarsvæðum fjölgað þar sem áætlanir og stefnumál eru samþætt og miða að aðkomu allra, auðlindanýting verði betri, dregið hafi úr skaðsemi af völdum loftslagsbreytinga og forvarnir gegn hamförum hafi verið eflaðar. Útbúin verði heildræn áhættustýring vegna hvers kyns hamfara í samræmi við Sendai-rammaáætlunina 2015–2030 og henni framfylgt.



13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.



13.a Efnad verði fyrirheit hátekuríkja um 100 milljarða dala framlag, bæði frá hinu opinbera og einkaaðilum, í því skyni að aðstoða þróunarlönd við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að gagnsæjum aðgerðum. Jafnframt verði unnið sem fyrst að fjármögnun Græna loftslagssjóðsins svo að hann geti starfað af fullum krafti.



14.3 Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, til dæmis með því að efla vísindasamstarf á því sviði.



17.7 Stuðlað verði að umhverfisvænni tækniþróun og flutningi, miðlun og dreifingu í þróunarlöndunum á hagstæðum kjörum, meðal annars með ívilnunum og tilslökunum, eins og samkomulag næst um.



MYND: UNSPLASH.COM

ÁHERSLUSVIÐ 4

SJÁLFBÆR NÝTING NÁTTÚRUAUÐLINDA

Hagvöxtur hefur skapað forsendur fyrir bættum lífskjörum. Hagvexti fylgja jafnframt mikilvæg félagsleg og umhverfisleg viðfangsefni. Á mörgum sviðum dregur aukin og ósjálfbær neysla úr þeim ávinningi sem náðst hefur í umhverfismálum með skilvirkri umhverfistækni. Oft má rekja vandamálin til lífsstíls, einkum meðal hinna efnameiri í heiminum, þar sem rekja má u.þ.b. helming umhverfisáhrifa til neyslu heimilanna.

Á alþjóðlegu Ríó+20 ráðstefnunni um sjálfbæra þróun sem haldin var í Ríó de Janeró árið 2012 var samþykkt

hnattræn rammaáætlun til tíu ára um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Áætlunin mun gegna mikilvægu hlutverki fyrir áframhaldandi starf á þessu sviði. Einnig var ákveðið í Ríó að vinna að sjálfbærnimarkmiðunum þar sem náttúruauðlindir og sjálfbær neysla og framleiðsla eru mikilvægir málaflokkar. Á Ríó+20 var einnig samþykkt að þróa vísa sem koma til viðbótar við verga þjóðarframleiðslu sem mælikvarði á þróun.

Þrátt fyrir auknar aðgerðir í umhverfismálum á Norðurlöndum, t.d. með löggjöf, hagrænum stjórntækjum,



Norðurlönd verða að draga úr þeim vanda á sviði umhverfis-, félags- og heilbrigðismála sem tengist ósjálfbærri neyslu og framleiðslu á vörum og þjónustu.

umhverfismerkingum og skilvirkari umhverfistækni, fer vistspor landanna stækkandi. Sama gildir um lönd utan Norðurlanda. Mest eru umhverfisáhrifin vegna matvælaframleiðslu, búsetu og samgangna því þessi svið nota mikið af orku- og vatnsauðlindum. Norðurlönd verða að draga úr þeim vanda á sviði umhverfis-, félags- og heilbrigðismála sem tengist ósjálfbærri neyslu og framleiðslu á vörum og þjónustu.

Umhverfisáhrif matvælaframleiðslu sem m.a. má rekja til dýrahalds, samgangna og rýrnunar í matvælakeðjunni eru misjöfn eftir vörutegundum og geta líka snert matvælaöryggi og heilbrigði dýra. Til að temja sér sjálfbærar matarvenjur þarf að taka tillit til fjölda sjónarmiða. Það snýst m.a. um að velja matvæli sem valda eins litlum umhverfisáhrifum og kostur er,

en sem efla einnig félagslega þróun og heilbrigði almennings. Það felur í sér að borða örugga og næringarríka fæðu sem dregur úr ofþyngd, offitu og öðrum lífsstíllssjúkdómum. Það snýst einnig um að vörurnar séu framleiddar á sjálfbæran hátt. Að sjá vaxandi fjölda jarðarbúa fyrir matvælum er gífurleg áskorun sem Norðurlönd eiga líka að taka þátt í að mæta.

Eftirspurn og búsetuval markast af því að sífelld fleiri Norðurlandabúa búa einir og húsnaði hvers og eins fer stöðugt stækkandi. Forsenda sjálfbærrar búsetu er sjálfbær nýting orku og annarra náttúruauðlinda. Sjónarmið um heilsu og fjármál einstaklingsins, öryggi og aðgengi koma einnig við sögu. Sjálfbær búseta gerir einnig kröfur til nándar við vinnustaði, verslanir, sorphirðu, góðar almenningsamgöngur, göngu- og hjólastíga og annars sem neytendur eru háðir í daglegu lífi til að geta valið sjálfbæra kosti.

Til að stuðla að grænum hagvexti er mikilvægt að nýta auðlindir vel, að umgangast takmarkaðar auðlindir með varúð og skapa ný viðhorf og lausnir

í sorpmálum. Líta þarf á úrgang sem verðmætt hráefni og fjarlægja úrgang sem inniheldur spilliefni úr hringrásinni. Lágmarka þarf umhverfisáhrif framleiðslu, vöru og úrgangs út frá sjónarmiðum um lífsferilsgreiningu.

Ef Norðurlönd leggjast á eitt geta aðgerðir til að efla grænan hagvöxt náð til fleiri, skapað stærri markaði og haft meiri pólitísk áhrif í alþjóðlegum ferlum. Eftirspurn hins opinbera og einkaaðila sem og almennra neytenda hefur áhrif á framboð og kallar á sjálfbærar vörur og þjónustu. Hið opinbera gegnir mikilvægu hlutverki með því að sækjast eftir sjálfbærum vörum og þjónustu. Atvinnulífið gegnir einnig mikilvægu hlutverki, m.a. með auknu samstarfi við birgja varðandi umhverfis- og félagslega þætti, samfélagsábyrgð fyrirtækja (CSR) og umhverfismerkingar.

Lágmarka þarf umhverfisáhrif framleiðslu, vöru og úrgangs út frá sjónarmiðum um lífsferilsgreiningu.

MARKMIÐ FRAM TIL ÁRSINS 2025

Sjálfbær neysla og framleiðsla

Í stað ósjálfbærrar neyslumenningar leggja Norðurlönd áherslu á sjálfbæra endurnýtingu sem byggist á umhverfisvænni framleiðslu og neyslu. Sjálfbær neysla og framleiðsla verður aukin með löggjöf, hagrænum stjórnækjum, upplýsingum og fræðslu ásamt skipulagsátaki sem auðveldar neytendum að temja sér sjálfbærni. Norræna umhverfismerkið Svanurinn verður þróað og eflt. Norrænt samstarf um græn tækniviðmið og staðla verður aukið, m.a. um staðla um opinber innkaup. Norræna ráðherranefndin og skrifstofa hennar hafa samþætt sjálfbærnisjónarmið í allri sinni starfsemi.

Auðlindanýtni og úrgangur⁴

Norðurlönd rjúfa tengsl ósjálfbærrar auðlindanotkunar og hagvaxtar með því að auka orkunýtni, endurvinnslu

og sjálfbæra meðhöndlun úrgangs. Neikvæð áhrif framleiðslu, vöru og úrgangs (einnig í öðrum löndum) á umhverfi og heilsu út frá sjónarhóli lífsferilsgreiningar verða lágmarkuð. Fyrirbyggjandi aðgerðir og endurvinnsla úrgangs á að vera orðin skilvirkari og litið í meira mæli á úrgang sem verðmætt hráefni. Þróun sameiginlegrar tækni og aðferða stuðlar að sjálfbærri meðhöndlun úrgangs á Norðurlöndum.

VÍSAR

- Rof tengsla umhverfisálags, heildarorkunotkunar, auðlindanýtingar og myndunar annars úrgangs en jarðefna við hagvöxt.
- Norræna umhverfismerkið Svanurinn og umhverfismerki ESB.
- Hlutfall umhverfisskatta af heildarskatttekjum.
- Sorpmagn og sorphirða sveitarfélaga miðað við meðhöndlunaraðferðir.

⁴ Hvað varðar auðlindanýtni og úrgang og tengingu við undirmarkmið 6.3 og 6.4 í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er lögð sérstök áhersla á þann þátt sem tengist endurvinnslu og endurnýtingu (6.3) og bætta nýtingu vatns (6.4).



STOP



TENGINGAR VIÐ HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG UNDIRMARKMIÐ ÞEIRRA



2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma litið.



3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.



6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.



6.4 Eigi síðar en árið 2030 verði vatn nýtt mun betur á öllum sviðum. Sjálfbær vatnsnotkun verði tryggð í því skyni að koma í veg fyrir vatnsskort. Jafnframt verði dregið verulega úr fjölda þeirra sem þjást af vatnsskorti.



8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.



9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.



11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.



12.1 Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.



12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.



12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.



12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.



12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.



12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.



12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.



12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.



15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjallendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.



MYND: UNSPLASH.COM

ÁHERSLUSVIÐ 5

MENNTUN, RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN

Menntun, rannsóknir og nýsköpun eru mikilvæg atriði fyrir grænt hagkerfi. Aukin fræðsla um sjálfbæra þróun er undirstöðuatriði ef breyta á viðhorfi og atferli einstaklinga, fyrirtækja og samtaka. Þekking er nauðsynleg til að finna lausnir á viðfangsefnum framtíðarinnar til að stuðla að sjálfbærri þróun. Þekking og ný tækni en einnig hæfnin til að varðveita færni eru hornsteinar samkeppnishæfni Norðurlanda og hafa stuðlað að góðum árangri fyrirtækja á alþjóðavettvangi.

Möguleikar stjórnvalda til að verðleggja og setja reglur um losun spilliefna eru ein meginforsenda fyrir þróun umhverfisvænnar tækni. Með slíkum möguleikum aukast líkur á að rannsóknir og þróun verði arðbærar.

Aukin fræðsla um sjálfbæra þróun er undirstöðuatriði ef breyta á viðhorfi og atferli einstaklinga, fyrirtækja og samtaka.



Til að virkja rannsóknir og nýsköpun þarf að fjárfesta og allir íbúar landanna eiga að hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar og góðrar menntunar.

Til að virkja rannsóknir og nýsköpun þarf að fjárfesta og allir íbúar landanna eiga að hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar og góðrar menntunar. Norðurlönd munu ganga mislangt í áherslu á rannsóknir og nýsköpun. Markmið um fræðslu um sjálfbæra þróun eiga að byggjast á staðbundinni menningu og aðstæðum sem snerta efnahag og umhverfi á hverjum stað. Virkja þarf rannsóknar- og nýsköpunarumhverfi til að taka á vandamálum sem skipta máli fyrir nýtingu náttúruauðlinda.



MARKMIÐ FRAM TIL ÁRSINS 2025

Menntun

Fræðsla um sjálfbæra þróun verður tekin upp í öll menntastig. Fleira ungt fólk á Norðurlöndum fær menntun sem veitir hæfni sem atvinnulífið kallar eftir.

Rannsóknir

Hafnar verða þverfaglegar norrænar rannsóknir og áttak gert í menntamálum til að efla sjálfbæra þróun. Það á að gerast í samvinnu við ámóta frumkvæði í löndunum sem og á evrópskum vettvangi, t.d. hvað varðar lífhagkerfið. Norrænt samstarf á sviði rannsókna og mennta á að aukast í þágu græns hagvaxtar, velferðar og heilsu. Stefnumörkun og ákvarðanatöku verður í meira mæli byggð á vísindalegum niðurstöðum.

Nýsköpun

Norðurlönd eiga að vera í fararbroddi í þróun umhverfistækni og nýsköpun á félagsmálasviði í því skyni að efla grænan hagvöxt og sjálfbæra þróun. Þróa skal norrænt samstarf um prófun og þróun orkutækni og kanna möguleika á sameiginlegum norrænum prófunar- og sýningarverum. Samræma á og efla fjármögnun grænna fjárfestinga og fyrirtækja.

VÍSAR

- Fjöldi þeirra sem hafa lokið framhaldsskólanámi, námi eftir stúdentspróf og háskólamenntun.
- Hlutfall útgjalda vegna rannsókna og þróunar miðað við verga þjóðarframleiðslu, eftir geirum.

TENGINGAR VIÐ HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG UNDIRMARKMIÐ ÞEIRRA



4.3 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.



4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.



4.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamismunin í menntakerfinu verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður og starfsþjálfun fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fyrir fatlað fólk, frumbyggja og börn sem búa við erfiðar aðstæður.



8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafslökum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.



8.3 Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölgja mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálaþjónustu.




9.5 Vísindarannsóknir verði eflaðar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.



12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.



17.7 Stuðlað verði að umhverfisvænni tækniþróun og flutningi, miðlun og dreifingu í þróunarlöndunum á hagstæðum kjörum, meðal annars með ívilnunum og tilslökunum, eins og samkomulag næst um.





MYND: UNSPLASH.COM

TENGING, FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI

Sjálfbærnisjónarmið eiga að setja mark sitt á allt starf sem unnið er innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar og það á að vera nátengt sjálfbærni-markmiðunum. Áætlunin er undirstaða fjárhagsáætlana og langtímaáætlana um sjálfbæra þróun. Samstarfsráðherrar Norðurlanda bera í krafti samræmingar- og stuðningshlutverks síns gagnvart forsætisráðherrunum meginábyrgð á samræmdri framkvæmd áætlunarinnar. Samstarfsráðherrarnir bera ábyrgð á upplýsingum, skýrslugerð, mati og endurskoðun áætlunarinnar. Sérfræðingahópur Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun aðstoðar samstarfsráðherrana í starfi þeirra að sjálfbærri þróun.

Sjálfbærnisjónarmið eiga að setja mark sitt á allt starf sem unnið er innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar.

Samþætta á markmið áætlunarinnar í áætlanir fagsviðanna sem grundvöll raunhæfra verkefna með mælanleg markmið.

Framkvæmd áætlunarinnar fer fram á ýmsum samstarfssviðum ráðherranefndarinnar. Samþætta á markmið áætlunarinnar í áætlanir fagsviðanna sem grundvöll raunhæfra verkefna með mælanleg markmið. Fagsviðin skipuleggja sjálf, í samvinnu við önnur fagsvið sem málið varðar, framkvæmd áætlunarinnar, fylgjast með framvindu og taka þátt í skýrslugjöf og mati á framkvæmdinni. Einnig ber að stuðla að sjálfbærri þróun í samstarfi við norrænar stofnanir og aðra samstarfsaðila.

Framkvæmd áætlunar þessarar verður fjármögnuð með framlagi á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Fagráðherranefndir þær sem málið varðar fjármagna áætlanir fagsviðanna hver af sínum fjárlagaliðum, með áherslu á markmið áætlunarinnar og forgangsmál.

Fjárveitingu samstarfsráðherranna til sjálfbærrar þróunar á að nýta í starfsemi sem styður við innleiðingu norrænu áætlunarinnar um sjálfbæra þróun. Verkefnið eiga að uppfylla kröfur um norrænt notagildi, vera þverfagleg, fela í sér nýsköpun og samþætta hina þrjá þætti sjálfbærrar þróunar. Fjárveitinguna á einnig að nota til að styrkja upplýsingaátak um starfsemi ráðherranefndarinnar sem beinist að sjálfbærri þróun, þar með talið notkun norrænna vísa um sjálfbæra þróun. Starfsemin á að beinast að Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra og hafa alþjóðlega tilvísun. Þannig mun Norræna ráðherranefndin leggja sinn skerf af mörkum til að heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun náist.

Efla ber þverfaglegt samstarf á vettvangi ráðherranefndarinnar, m.a. með auknu samráði og miðlun reynslu

milli fagsviðanna varðandi áætlunina, markmið hennar og þýðingu þeirra fyrir fagsviðin sem málið varðar. Til að auðvelda upplýsingagjöf á öllum sviðum ráðherranefndarinnar og til að efla enn frekar tengingu málaflokksins um sjálfbærni við starfsemina á að skipa sérstaka sjálfbærniengiliði á hverju fagsviði. Þá er í athugun að þróa nýjar aðferðir við mat, skýrslugjöf og samskipti um niðurstöður starfsemi sem hefur með sjálfbærni að gera. Norrænir vísar um sjálfbæra þróun verða stöðugt uppfærðir. Auk þess á að gera árlegar úttektir á sjálfbærnivísunum svo hægt sé að fylgjast með þróun á Norðurlöndum samhliða skýrslugjöf um innleiðingu norrænu áætlunarinnar um sjálfbæra þróun.

NORRÆNIR VÍSAR UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN

1. NORRÆNT VELFERÐARKERFI

- Lýðþróun.
- Verg þjóðarframleiðsla.
- Skuldastaða ríkjanna.
- Þéttbýlismyndun.
- Tölur um atvinnu og atvinnuleysi.
- Lífslíkur nýfæddra barna.
- Gini-stuðull.
- Hætta á fátækt barnafjölskyldna.
- Kynbundinn launamunur.

2. LÍFVÆNLEG VISTKERFI

- Sjálfbærni fiskistofna.
- Losun köfnunarefnis og fosfórs í Eystrasaltið.
- Breytingar á stofnvísitölu algengra fugla.
- Þróun skógarhöggs og aukning skóglendis á ári hverju.
- Loftmengun í borgum vegna ósons og svifryks.

3. BREYTT LOFTSLAG

- Hlutdeild endurnýjanlegrar orku í heildarorkuframboði.
- Losun gróðurhúsalofttegunda eftir geirum.
- Losun vegna landnýtingar, breyttrar landnýtingar og skógræktar.

4. SJÁLFBÆR NÝTING NÁTTÚRUAUÐLINDA

- Rof tengsla umhverfisálags, heildarorkunotkunar, auðlindanýtingar og myndunar annars úrgangs en jarðefna við hagvöxt.
- Norræna umhverfismerkið Svanurinn og umhverfismerki ESB.
- Hlutfall umhverfisskatta af heildarskatttekjum.
- Sorpmagn og sorphirða sveitarfélaga miðað við meðhöndlunaraðferðir.

5. MENNTUN, RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN

- Fjöldi þeirra sem hafa lokið framhaldsskólanámi, námi eftir stúdentspróf og háskólamenntun.
- Hlutfall útgjalda vegna rannsókna og þróunar miðað við verga þjóðarframleiðslu, eftir geirum.



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

GOTT LÍF Á SJÁLFBÆRUM NORÐURLÖNDUM

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun 2013–2025

Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum - Norræn áætlun um sjálfbæra þróun 2013–2025 segir frá þverfaglegum megináherslum í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjálfbærnisjónarmið eiga að setja mark sitt á allt starf sem unnið er innan vébanda ráðherranefndarinnar.

Norræna ráðherranefndin á að stuðla að því að Norðurlöndin geti áfram þróað samfélögin í átt til frekari velferðar og lífsgæða í þágu núlifandi og komandi kynslóða með því að vernda og nýta getu jarðar til að standa undir lífi í allri þess fjölbreytni.

Í áætluninni koma fram verklagsreglur sem gilda allt til ársins 2025 á eftirfarandi áherslusviðum: Norrænt velferðarkerfi, lífvænleg vistkerfi, breytt loftslag, sjálfbær nýting auðlinda jarðar ásamt menntun, rannsóknnum og nýsköpun. Fagsvið ráðherranefndarinnar hrinda áætluninni í framkvæmd með því að ráðast í raunhæf verkefni á grundvelli hennar.